

Hólaskóli - Háskólinn á Hólum
17 217

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Hólaskóli - Háskólinn á Hólum
kt. 500169-4359
551 Sauðárkrókur

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Hólaskóli - Háskólinn á Hólum er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli laga um háskóla.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Rektor vill vekja athygli á að á meðal viðskiptakrafna er krafa að fjárhæð 16,6 millj. kr. sem ekki eru taldar líkur á að innheimtist. Þar af hafa 3,1 millj. kr. verið færðar niður í óbeinni niðurfærslu. Þá er skuld við sama aðila að fjárhæð 1,5 millj. kr. hluti af viðskiptaskuldum skólans. Talið er líklegt að ríkið beri ábyrgð á skuldum félagsins sem um ræðir og hugsanlega sé sú fjárhagslega ábyrgð á höndum skólans. Þar sem félagið skuldar einnig öðrum opinberum stofnunum um 26 millj. kr. getur endanlegt tap skólans orðið hærra en sem nemur viðskiptakröfum skólans. Viðræður eru í gangi ráðuneyti HVÍN um lausn málsins.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 886,6 milljónir og afkoma kr. -10,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 5,2 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 505,6 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Hólaskóla - Háskólans á Hólum í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Hólaskóla - Háskólans á Hólum fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Hólfríður Sveinsdóttir,
rektor

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	571.000.000	595.670.000
Aðrar tekjur		12.952.000	14.032.467
Seld þjónusta	3	128.061.571	40.023.552
Vörusala		72.889.764	95.527.002
Framlög og ýmsar tekjur	4	86.295.884	189.965.195
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	15.402.981	14.721.525
Tekjur samtals		886.602.200	949.939.741
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	606.162.686	612.859.438
Framlög og tilfærslur	6	8.503.685	27.812.647
Annar rekstrarkostnaður	7	268.236.048	254.246.256
Afskriftir	8	15.402.981	14.721.525
Gjöld samtals		898.305.400	909.639.866
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(11.703.200)	40.299.875
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		1.495.122	443.695
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(370.741)	(213.746)
		1.124.381	229.949
Afkoma ársins		(10.578.819)	40.529.824
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	(8.975.134)	60.842.471
Rekstrartilfærslur		(1.603.685)	(20.312.647)
		(10.578.819)	40.529.824

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður		55.665.576	56.524.058
Farartæki og vélar		20.819.784	15.655.882
Fasteignir		11.482.742	11.902.786
Aðrar eignir		358.883	358.883
		<u>88.326.985</u>	<u>84.441.609</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum	10	110.882	110.882
		<u>110.882</u>	<u>110.882</u>
Fastafjármunir samtals		<u>88.437.867</u>	<u>84.552.491</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	11	65.093.028	93.538.012
Tengdir aðilar	12	34.915.932	496.848
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	13	1.148.202	14.098
Handbært fé	14	315.988.869	20.868.549
		<u>417.146.031</u>	<u>114.917.507</u>
Veltufjármunir samtals		<u>417.146.031</u>	<u>114.917.507</u>
Eignir samtals		<u>505.583.898</u>	<u>199.469.998</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	15		
Hrein eign		5.240.772	15.819.591
		<u>5.240.772</u>	<u>15.819.591</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	12	332.138.434	29.230.374
Viðskiptaskuldir		29.962.161	20.626.763
Ýmsar skammtímaskuldir	16	66.818.764	65.466.522
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	17	71.423.767	68.326.748
		<u>500.343.126</u>	<u>183.650.407</u>
Skuldir samtals		<u>500.343.126</u>	<u>183.650.407</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>505.583.898</u>	<u>199.469.998</u>
Aðrar upplýsingar	18		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(10.578.819)	40.529.824
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	15.402.981	14.721.525
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(15.402.981)	(14.721.525)
		<u>(10.578.819)</u>	<u>40.529.824</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		27.310.880	(53.151.019)
Tengdir aðilar		267.700.619	22.566.281
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>10.687.640</u>	<u>8.901.566</u>
		305.699.139	(21.683.172)
		<u>295.120.320</u>	<u>18.846.652</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(19.288.357)	(20.317.921)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		0	7.923.000
		<u>(19.288.357)</u>	<u>(12.394.921)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		788.357	0
Fjárfestingarframlag		<u>18.500.000</u>	<u>12.394.921</u>
		19.288.357	12.394.921
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		295.120.320	18.846.652
		<u>20.868.549</u>	<u>2.021.897</u>
		<u>315.988.869</u>	<u>20.868.549</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda af innritunargjöldum, prófgjöldum og vottorðsgjöldum.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-30 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Skýringar

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2022	2021
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	571.000.000	595.670.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	15.402.981	14.721.525
	586.402.981	610.391.525

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	560.200.000	6.900.000	0	567.100.000
Launabætur	3.900.000	0	0	3.900.000
Fjárveiting til tekna	564.100.000	6.900.000	0	571.000.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(573.075.134)	(8.503.685)	0	(581.578.819)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(8.975.134)	(1.603.685)	0	(10.578.819)

	2022	2021
3 Seld þjónusta		
Sérfræðiþjónusta	119.944.556	32.486.024
Verksala	0	7.060
Ýmsar þjónustutekjur	619.783	975.653
Veitinga- og gistipjónusta	2.436.020	701.960
Fræðslustarfsemi og fundir	5.061.212	5.852.855
	128.061.571	40.023.552

4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	8.226.124	5.410.596
Kostnaðarhlutdeild	30.021.993	32.824.434
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	8.500.000	125.182.912
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	28.310.012	23.241.998
Ýmsar tekjur	11.237.755	3.305.255
	86.295.884	189.965.195

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	494.116.687	495.165.310
Orlof, breyting	874.227	7.090.547
Launatengd gjöld	109.899.272	109.062.623
Starfsmannakostnaður	1.272.500	1.540.958
	606.162.686	612.859.438

Meðalfjöldi stöðugilda	52,1	55,8
------------------------------	------	------

6 Framlög og tilfærslur

Rekstrartilfærslur til ríkisaðila í A-hluta	4.415.645	23.619.727
Rekstrartilfærslur aðrir	4.088.040	4.192.920
	8.503.685	27.812.647

Skýringar

	2022	2021
7 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	1.051.921	885.442
Byggingarvörur, almennar	145.605	498.417
Byggingarvörur, aðrar	525.397	228.183
Ýmis tæki og áhöld	4.635.076	4.093.966
Varahlutir og viðhaldsvörur	2.161.973	3.222.752
Orkugjafar	27.700.142	23.914.376
Matvæli	12.809.573	8.715.220
Almennar rekstrarvörur	5.223.560	5.810.209
Vörukaup, almenn	54.253.247	47.368.565
Vörur til landbúnaðar, ræktunar og útgerðar	27.227.320	24.514.202
Rannsóknarstofuefni	5.283.888	2.680.462
Kennslu- og föndurvörur	50.000	57.624
Ýmsar sérgreindar vörur	10.951.125	6.321.454
Vörukaup, sérgreind	43.512.333	33.573.742
Fundir, námskeið, risna	3.113.938	2.303.982
Ferðir, upphald	8.740.364	5.794.945
Akstur	3.593.170	4.049.580
Sérfræðiþjónusta	44.364.839	57.896.487
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	329.237	263.305
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	2.691.248	6.297.725
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	34.236.729	32.557.196
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	97.069.525	109.163.220
Samningsbundin kaup og leiga	93.336	93.336
Afnotagjöld	11.595.158	8.675.624
Leigugjöld	23.219.714	21.774.051
Notkun véla og flutningatækja	4.126.128	532.966
Verkkaup	20.909.314	21.842.423
Kostnaðarhlutdeild	681.814	371.421
Áhættutap og bætur	0	0
Tryggingar, lögboðnar	2.597.533	2.501.547
Opinber gjöld	10.177.946	8.349.361
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	73.400.943	64.140.729
Annar rekstrarkostnaður samtals	268.236.048	254.246.256
8 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	12.099.239	11.868.078
Farartæki og vélar	2.883.698	2.433.403
Fasteignir	420.044	420.044
	15.402.981	14.721.525

Skýringar

31.12.2022 31.12.2021

9 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	55.665.576	56.524.058
Farartæki og vélar	20.819.784	15.655.882
Fasteignir	11.482.742	11.902.786
Aðrar eignir	358.883	358.883
	<u>88.326.985</u>	<u>84.441.609</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Fasteignir	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2022	126.658.886	26.039.326	12.613.962	358.883	165.671.057
Viðbætur á árinu	11.240.757	8.047.600	0	0	19.288.357
	<u>137.899.643</u>	<u>34.086.926</u>	<u>12.613.962</u>	<u>358.883</u>	<u>184.959.414</u>
Afskriftir 01.01.2022	70.134.828	10.383.444	711.176	0	81.229.448
Afskrift ársins	12.099.239	2.883.698	420.044	0	15.402.981
	<u>82.234.067</u>	<u>13.267.142</u>	<u>1.131.220</u>	<u>0</u>	<u>96.632.429</u>
Staða 31.12.2022	<u>55.665.576</u>	<u>20.819.784</u>	<u>11.482.742</u>	<u>358.883</u>	<u>88.326.985</u>

10 Eignarhlutir í öðrum félögum

	Eignarhlutur	Nafnverð	Matsverð
<u>Eignarhlutir ríkissjóðs yfir 20% (hlutdeildaraðferð):</u>			
Rannsókn- og háskólanet Íslands hf	0%	0	110.882
		<u>0</u>	<u>110.882</u>

Eignarhlutir í öðrum félögum eru metnir með hlutdeildaraðferð ef eignarhlutur ríkissjóðs í heild er yfir 20% annars eru þeir metnir á kostnaðarverði. Metið virði eignarhluta í sjálfseignarstofnunum er 0 kr. ef framlög til þeirra renna ekki til ríkisins eða stofnana þess við slit, heldur til annarra málefna en annars á kostnaðarverði.

31.12.2022 31.12.2021

11 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur	72.936.067	101.381.051
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu	(7.843.039)	(7.843.039)
	<u>65.093.028</u>	<u>93.538.012</u>

12 Tengdir aðilar

31.12.2022 31.12.2021

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	34.915.932	496.848
	<u>34.915.932</u>	<u>496.848</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	315.628.064	18.704.623
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	16.510.370	10.525.751
	<u>332.138.434</u>	<u>29.230.374</u>

Skýringar

	31.12.2022	31.12.2021
13 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		
Fyrirframgreiddur kostnaður	195.457	14.098
Skattar	4.790.512	3.837.767
Niðurfærsla annarra krafna	(3.837.767)	(3.837.767)
	<u>1.148.202</u>	<u>14.098</u>

14 Handbært fé

Tékkareikningar	315.988.869	20.868.549
	<u>315.988.869</u>	<u>20.868.549</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 11 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

15 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2022	31.12.2021
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	15.819.591	(24.710.233)
Afkoma ársins	(10.578.819)	40.529.824
Jöfnuður 31.12.	<u>5.240.772</u>	<u>15.819.591</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Af eigið fé stofnunarinnar eru kr. 0,0 milljónir sem eru bundið eigin fé, þ.e. ráðstöfun þess er ekki heimil nema heimild til þess verði veitt í fjárlögum.

	31.12.2022	31.12.2021
16 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	66.259.903	65.385.676
Önnur ógreidd gjöld	558.861	0
Skattar	0	80.846
	<u>66.818.764</u>	<u>65.466.522</u>

Skýringar

17 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2022	31.12.2021
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	88.326.985	84.441.609
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (umframráðstafað til fjárfestinga)	(16.903.218)	(16.114.861)
	<u>71.423.767</u>	<u>68.326.748</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022	84.441.609	(16.114.861)	68.326.748
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	18.500.000	18.500.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	19.288.357	(19.288.357)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(15.402.981)	0	(15.402.981)
	<u>88.326.985</u>	<u>(16.903.218)</u>	<u>71.423.767</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 14,4 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

18 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði, þjónustusamninga, samstarfssamninga og aðra samninga. Greiðslur vegna leigusamninga munu nema um 19,8 m.kr. á árinu 2023, vegna þjónustusamninga 15,3 m.kr., vegna samstarfssamninga 7,2 m.kr. og vegna annarra samninga 3,4 m.kr.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.